

UMSÖGN UM STOFNUN ÞJÓÐARÓPERU

Fyrir hönd Söngskóla Sigurðar Demetz vil ég lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera) sem hæstvirtur menningar- og viðskiptaráðherra hefur sent frá sér.

Hér er um tímamótaaðgerð að ræða. Stétt söngvara á Íslandi á sér langa sögu aftur til 19. aldar. Íslensk óperusaga er merk en stuðningur stjórnvalda við listgreinina hefur til þessa aldrei náð að endurspegla gríðarlegan áhuga þjóðarinnar fyrir henni. Verði frumvarpsbreytingin að lögum mun það gefa fyrirheit um batnandi tíma og listgreininni sinnt af sömu elju og t.d. leiklist og símfónískri tónlist.

Eitt af þeim tækifærum sem skapast við stofnun Þjóðaróperu getur skapað er að stofnað verði til samstarfs við starfandi menntastofnanir í söngmennt. Þegar ég fyrst kom til starfa sem kennari við heimkomuna til Íslands var rekstur Söngskóla Sigurðar Demetz í miklum blóma en einnig var á þeim tíma rekið óperustúdíó við Íslensku óperuna þar sem nemendur skólans komu fram í sýningum. Einn af mínum nemendum fékk mikilvægt tækifæri til að syngja þar lykilhúttverk í óperu Mozart, *Così fan tutte*. Í dag er sá söngvari fastráðinn við óperuna í Leipzig, einu stærsta óperuhúsi Þýskalands en ég tel auðséð að þetta fyrsta tækifæri hafi haft afgerandi áhrif á það að hann hélt námi áfram erlendis og fetaði braut óperusöngvarans. Íslenska óperan hefur síðustu ár ekki verið nema skugginn af því sem hún var fyrr á árum, þegar kemur að nálgun hennar við raunverulegar þarfir fagsins á Íslandi voru forgangsverkefni. Koma nýrrar Þjóðaróperu mun slaða þá uppeldisstöð ungra listamanna í óperulistinni sem hún áður var, bæði þegar ég hóf störf sem söngvari þar fékk ég mitt fyrsta tækifæri sem söngvari í sýningu á *Don Giovanni* í Gamla bíói en einnig þegar ég sneri aftur til Íslands til kennslustarfa í upphafi þessarar aldar.

Hugmyndafræðin og vinnan að stofnun Þjóðaróperunnar sem frumvarpið áætlað að stofnuð verði, er unnin og þróuð af stéttinni sjálfri og í nánú samstarfi við fjölda óperulistafólks. Það er forsenda þess að við í stéttinni sjáum fram á möguleika með stofnun Þjóðaróperunnar sem minnir meira á þann tíma þegar Íslenska óperan varð til, upp úr grasrótastarfsemi þeirra sem hana stofnuðu.

Þeir sem leiddu þá grasrótavinnu áttu sér þann draum að við yrðum eins og aðrar menningarþjóðir sem reka stolt Þjóðaróperur. Þeirra draumur var að Íslenska óperan yrði Þjóðarópera en síðar tók þar við hópur stjórnenda sem missti tengsl sín við stétt óperulistafólks í landinu. Rekstur þjóðaróperu er jafnan talinn til hornsteina í menningarlífi vestrænna ríkja. Vilji Íslands teljast marktækt á alþjóða vettvangi er vert að líta til þessa og tryggja að stofnun þjóðaróperu verði að veruleika.

Fyrir hönd Söngskóla Sigurðar Demetz

Gunnar Guðbjörnsson

skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz ses.